

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. janúar 2020

UST201901-236/H.E.

08.06.02

**Reglubundið eftirlit, 21. 11. 2019 í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. Patreksfirði.**

Þann 21. nóvember sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Patreksfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Tveimur ábendingum var komið á framfæri í eftirlitinu varðandi staðsetningu olútanka og árekstrarvarnir. Þrjú frávík frá starfsleyfi komu fram er varða:**

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Þrýstiprófanir á lögnum fóru síðast fram árið 2014 en þær skulu gerðar á 5 ára fresti. **Þrýstiprófanir fóru fram í janúar 2020 og telst frávikinu því lokið.**
2. Gr. 4.2 í starfsleyfi og 24. gr. reglugerðar nr 884/2017. Tæringarblettir komu fram í botnþykktarmælingu á geymi T0089. Þrátt fyrir það er olía er ennþá geymd á geyminum en beðið er eftir efni til að ljúka viðgerðum á öðrum geymi í stöðinni til að tæma geymi T0089 og hefja viðgerð. **Umhverfisstofnun hefur borist staðfesting á viðgerð á geymi T0091 og að unnið sé að tæmingu olíugeymisins. Áætlað er að botnskipti og lagfæringar á öðrum geymum verði lokið fyrir mánaðarmótin janúar/febrúar nk. Frávikinu telst því lokið.**
3. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Ryðgaðar og götöttar lagnir liggja ofanjarðar í gegnum lekavarnaþróarvegginn. Ef til olíuleka kæmi átti olían greiðan aðgang út um lögnina. Daginn eftir eftirlitið var brugðist við frávikinu til bráðabirgða með því að fylla upp í rörið með vökvaheldu frauði.

**Umhverfisstofnun óskar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíks í 3. tölulið hér að framan í samræmi við 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnaeftirlit og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. febrúar 2020.**

  
Halla Einarsdóttir

Virðingarfyllt

  
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Patreksfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	21.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	269447,152 575484,402

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram þrjú frávik frá starfsleyfi og tveimur ábendingum var komið á framfæri.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Skráningar skv. grein 4.1
2. Eftirlitsmælingar skv. grein 4.2
3. Rekstrarhandbók skv. grein 4.3
4. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. grein 2.5
5. Tilkynningar mengunaróhappa sbr. grein 2.7
6. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. grein 2.8
7. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

1. Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð í stöðinni. Vel er haldið utan um skráningarnar. Mánaðarblöð eru send mánaðarlega á miðlægum rafrænan gagnagrunn. Reglulegt eftirlit er með úrtökum og lausum tengingum (mánaðarlega). Farið var yfir úrgangsskráningar og magn spilliefna sem hefur verið skilað til spilliefnamóttöku á miðlægum gagnagrunni Olíudreifingar.

2. Skv. skráningum á olíumagni í oliuskiljum hafa komið nokkur tilvik þar sem að mælingar á olíu og vatnshæð (sandmagn) hafi verið uppfyrir viðmiðunarmörk sem tryggja fulla virkni skiljunnar. Samkvæmt upplýsingum frá stöðvarstjóra safnaðist mikill sandur í oliuskiljunum í byrjun árs vegna foks frá framkvæmdum á nágrannalóð. Skráningar sýndu að magn olíu og sands var komið í gott lag þegar eftirlitið fór fram. Botnþykktarmælingar voru gerðar í sumar og kom þá í ljós að botn á einum olíugeyminum T0091 uppfyllti ekki lágmarksviðmið til áframhaldandi notkunar og nokkuð var um tæringabletti í geymi T0089 svo lekaheldni er komin að þolmörkum. Geymir T0091 hefur verið tæmdur og olían færð yfir í geymi T0089. Áætlað er að laga geymana og framkvæma nýjar botnþykktarmælingar í kjölfarið. Ekki verður unnt að fá efni til að ljúka þeim framkvæmdum fyrir ármót og því fyrirséð að botnþykktarmælingarnar geti farið fram á á árinu. Botnþykktarmælingar sem gerðar voru á geymi T01014 í september sl. voru sendar Umhverfisstofnun í kjölfar eftirlitsins. Botnþykktarmælingar á niðurgrofnun geymum T0022 og T0023 voru sendar Umhverfisstofnun í byrjun september sl. Stofnunin telur að mælingar á geymum T1014, T0022 og T0023 gefi til kynna að ekki sé líklegt að þykkt geymanna sé komin nálægt þolmörkum en telur þó mikilvægt að þeir verði yfirfarnir, flögnuð málning lagfærð og tæringaþyttir lagfærðir strax og færi gefst. Lagnir voru síðast þrýstiprófaðar árið 2014 og ber því að þrýstiprófa þær nú í ár (2019).

3. Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð og miðlægt skráningarkerfi í tölvu. Vel er haldið utan um skráningar og ekki tilefni til athugasemda.

4. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda er til staðar í stöðinni.

5. Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar mengunaróhappa voru afhentar í eftirlitinu og er rekstraraðili hvattur til að aðlaga þær að viðbragðsáætlunum eins og þörf er á. Mengunaróhöpp skulu tilkynnt á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

6. Staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda upp á 1.000.000 SDR hefur verið send til Umhverfisstofnunar.

7. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Með breytingu á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slíkt kerfisbundið áhættumat og var það kynnt rekstraraðili í eftirlitinu. Sambærilegt áhættumat var unnið fyrir stöðina árið 2015 þar sem að Olíudreifing óskaði eftir minnkaðri tíðni á grundvelli þess að þeir starfa skv. vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi og höfðu

verið án frávika í fjögur ár. Í lok árs hyggst Umhverfisstofnun taka saman heildræna rýni á niðurstöður áhættumatsins og nota til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Auk þess var farið yfir skráningar á rýrnun bensíns í stöðinni og voru upplýsingar þess efnis sendar stofnuninni í kjölfar eftirlitsferðarinnar.

Í skoðunarferð um stöðina kom í ljós ryðguð ofanjarðarlögn sem liggur út um þróarvegginn. Daginn eftir eftirlitið var sprautað í lögnina með frauði til að tryggja lekaheldni hennar til bráðabirgða. Litið var inn í olíugeymi T0091 sem féll á þykktarprófi. Tankur T0089 var um hálf fullur af gasolíu sem tæmd var úr geymi T0091. Spilliefni eru geymd í merktu og lokuðu spilliefnakari. Handstýrður loki á lögn út úr lekavarnaþrónni er í stöðinni og var hann prófaður á meðan eftirlitið fór fram. Olíustyrkur í fráveituvatni frá olíuskilju var prófaður með strimli (strip test). Fjárfest hefur verið í nýjum færanlegum tanki fyrir úrgangsolíu og er hann staðsettur á lekaheldu plani tengdu olíuskilju.

<b>Frávik frá</b>	<b>Lýsing á fráviki</b>
grein 4.2 í starfsleyfi og	Þrýstiprófanir á lögnum fóru síðast fram árið 2014 en þær skulu gerðar á 5 ára fresti. Þrýstiprófanir fóru fram í janúar 2020
grein 4.2 í starfsleyfi og 24. gr. reglugerðar 884/2017	Tæringarblettir komu fram í botnþykktarmælingu á geymi T0089. Þrátt fyrir það er olía er ennþá geymd á geyminum en beðið er eftir efni til að ljúka viðgerðum á öðrum geymi í stöðinni til að tæma geymi T0089 og hefja viðgerð. Áætlað er að viðgerðum og að niðurstöður nýrra botnþykktarmælinga liggi fyrir í febrúar 2020
grein 3.2 í starfsleyfi	Ryðgaðar og götóttar lagnir liggja ofanjarðar í gegnum lekavarnaþróarvegginn. Ef til olíuleka kæmi átti olían greiðan aðgang út um lögnina. Daginn eftir eftirlitið var brugðist við frávikinum til bráðabirgða með því að fylla upp í rörið með vökvaheldu frauði.

## ÁBENDINGAR

Olíutankur (1000 L) og plastkar (bambi) stóð við plan tengt olíuskiðu en huga ætti að því að færa þá betur inn á planið svo tryggt sé að komi til leka fari hann í gegnum olíuskiðu.

Huga þarf að árekstrarvörnum á plani fyrir úrgangsolíu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.01.2020

*Halla Einarsdóttir*  
Halla Einarsdóttir